

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd

Reykjavík, 29. október 2020

Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2021, 5. mál.

Með tölvupósti frá nefndasviði Alþingis, þann 14. október sl., var Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) sent til umsagnar 5. mál, frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2021.

Í frumvarpinu eru nokkur atriði sem varða lífeyrissjóði með beinum eða óbeinum hætti sem rétt er að koma sjónarmiðum og athugasemdum við.

Breyting á eftirlitsgjaldi, 15. gr. frumvarpsins

Í 15. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á eftirlitsgjaldi sem lífeyrissjóðum ber að greiða skv. ákvæðum laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 99/1999.

Í ljósi sameiningar Fjármálaeftirlitsins við Seðlabanka Íslands hafa vaknað spurningar er varða grundvöll sérstaks eftirlitsgjalds. Annars vegar hvort almennt eigi að vera sérstakt eftirlitsgjald eftir sameininguna og hins vegar ef gjaldtöku er viðhaldið eigi að nást fram hagræðing í rekstri sem ætti að birtast í umtalsverðri lækkun gjaldsins.

Talsverðar óánægjuraddir hafa heyrst meðal lífeyrissjóða er viðkoma eftirlitsgjaldið og hafa LL því ítrekað komið þeim ábendingum á framfæri að þörf sé á endurskoðun á gjaldinu og þá einkum hvernig skiptingu þess sé háttað milli sjóða, sbr. 9. tölul. 5. gr. laga nr. 99/1999. Með 15. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á skiptingunni milli sjóða með þeim hætti að fastagjaldið verði hækkað umtalsvert frá því sem verið hefur. Þessi hækkun á fasta hluta gjaldsins veldur umtalsverðri hækkun á eftirlitsgjaldinu í prósentum talið, einkum hjá minni sjóðum og fer sú hækkun í allt að 16% hækkun.

Hér skal tekið fram að hagsmundir sjóðanna af því hvernig skiptingunni er háttað eru afar ólíkir og telja LL **mikilvægt að lagaákvæðið fái heildstæða yfirferð þar sem leitast verður við að ná sanngjarnri skiptingu gjaldsins milli ólíkra sjóða.**

Breyting á gjaldi vegna reksturs umboðsmanns skuldara, 18. gr. frumvarpsins

Í 18. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á lögum um greiðslu kostnaðar við rekstur umboðsmanns skuldara nr. 166/2011. Þar er lögð til hækkun á gjaldtöku.

Hér vilja LL áréttta það sem áður hefur ítrekað verið bent á að lítill hluti nýrra umsókna um greiðsluaðlögun hjá umboðsmanni skuldara tengjast fasteignalánnum. Nýjar umsóknir um greiðsluaðlögun eru því frekar til komnar vegna erfiðleika skuldara við að standa skil á öðrum skuldbindingum en fasteignalánnum, s.s. skuldum tengdum neyslulánnum eða skuldum vegna

húsaleigu. Vandamál vegna neyslulánaskulda tengjast eins og vitað er í mörgum tilvikum lánnum sem veitt hafa verið af smálánafyrirtækjum. Að mati LL er því ástæða til að yfirfara hverjir það eru sem standa straum af kostnaði við rekstur embættis umboðsmanns skuldara þar sem svo virðist sem mikill minni hluti þeirra mála sem koma til úrlausnar embættisins eigi rætur að rekja til þeirra sem nú standa straum af kostnaði embættisins.

Marg ítrekuð framlenging á bráðabirgðaákvæði, víxlverkun á greiðslum, 24. gr. frumvarpsins

Með 24. gr. frumvarpsins er enn á ný lögð til framlenging á bráðabirgðaákvæði sem ítrekað hefur verið framlengt eða allt frá 1. janúar 2011 en ákvæðið varðar samspil örorkulífeyrisgreiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða.

Í umsögn LL um frumvarpið sem varð að lögum í fyrra er vísað í það sem sagt var þá árið á undan en þar segir um framlengingu ákvæðisins:

„Nú er lagt til í frumvarpinu að ákvæðið verði framlengt um eitt ár. LL styðja framlengingu ákvæðisins en vilja sem ítrekað fyrr leggja ríka áherslu á mikilvægi þess að fundin verði framtíðarlausn á víxlverkunum á greiðslum almannatrygginga og lífeyrissjóða. Vilja LL skora á ríkisstjórn í samstarfi við aðila vinnumarkaðar að taka þetta málefni föstum tókum en málið varðar framfærslu viðkvæms hóps í samfélaginu. Tekið skal fram að LL vilja gjarnan eiga faglega aðkomu að þeirri vinnu að móta framtíðarsýn á þennan málaflokk þegar að því kemur.“

Ríkisstjórnin kveðst nú ætla að ráðast í stefnumörkun um lífeyrismál í nánú samstarfi við heildarsamtök á vinnumarkaði og LL. Er stefnt að því að afrakstur þess samráðs verði grænbók um lífeyrissjóðakerfið. Slíku heilstæðu samstarfi ber að fagna og er mikilvægt að úr þeirri vinnu komi fram heildstæðar tillögur er varða samspil milli greiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða.

Starfsendurhæfing, 25. og 29. gr. frumvarpsins

25. gr. frumvarpsins kveður á um framlengingu á ákvæði XV til bráðabirgða í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997. Ákvæðið er svohljóðandi:

„[XV. Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 24. gr. laganna skal framlag lífeyrissjóða skv. 6. gr. laga um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða á árunum 2012, 2013, 2014, [2015, 2016, [2017, 2018, [2019 og 2020] »] » ekki núvirt við tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðanna.] «


»L. 135/2019, 19. gr. »L. 138/2018, 20. gr. »L. 106/2013, 11. gr. »L. 60/2012, 30. gr.“

LL styðja framlengingu ákvæðisins enda **hefur ekki enn verið tekinn út árangur af starfsendurhæfingu** eins og ráð er fyrir gert skv. bráðabirgðaákvæði II í lögum um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða nr. 60/2012. Samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins bar ráðherra að „skipa fyrir árslok 2015 óháða nefnd sérfræðinga sem geri heildarúttekt á þjónustu starfsendurhæfingarsjóða“ og bar nefndinni að „skila skýrslu til ráðherra eigi síðar en 31. desember 2016.“

LL telja afar mikilvægt að slík úttekt verði framkvæmd og fylgir hjálagt með umsögn þessari erindi LL til félagsmálaráðuneytisins, dags. 6. október sl..

Með 29. gr. frumvarpsins er enn og aftur lögð til framlenging á ákvæði sem kveður á um að starfsendurhæfingarsjóðir fái ekki hlutdeild í almennu tryggingagjaldi. Hér hefur því miður haldist óbreytt ástand til margra ára og skal því áréttað hér allt það sem fram hefur komið í umsögnum LL undanfarin ár við frumvörp til breytinga á ýmsum lögum vegna fjárlaga hvers ár.

Að lokum vilja LL lýsa yfir miklum stuðningi við að lagður verði grunnur að stefnumótun fyrir lífeyrissjóðakerfið í formi grænbókar. **Leggja samtökin ríka áherslu á að fá aðkomu að þeirri vinnu sem snýr að mótun framtíðarstefnu lífeyrismála á Íslandi.**

Virðingarfyllst,
f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri

Hjálagt:

1. Exel-skjal sem sýnir skiptingu eftirlitsgjalds milli sjóða.
2. Afrit af bréfi LL til félagsmálaráðuneytisins, dags. 6. október 2020 en afrit þess var sent á fjármála- og efnahagráðuneytið.

Félagsmálaráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavík 6. október 2020

Efni: Lögbundin úttekt á starfsendurhæfingarsjóði og staða örorkumála

Stjórn Landssamtaka Lífeyrissjóða hefur ítrekað rætt um mikilvægi þess að fram fari úttekt á starfsemi VIRK, starfsendurhæfingarsjóðs, sbr. bráðabirgðaákvæði II í lögum um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða nr. 60/2012.

Í því samhengi er vert að rifja stuttlega upp forsöguna að baki stofnun VIRK starfsendurhæfingar en á árinu 2008 var í kjarasamningum ASÍ, BSRB, BHM og KÍ við SA, fjármálaráðherra og Sambandi íslenskra sveitarfélaga samið um að hafin yrði á árinu þróun nýs fyrirkomulags endurhæfingar. Með samningnum náðist breið samstaða um mikilvægi þess að skipuleggja þjónustu og veita úrræði fyrir þá starfsmenn sem hafa skerta starfsgetu. Markmiðið var að koma að málum eins snemma og nokkur væri kostur og stuðla þannig að því að einstaklingar yrðu virkir á vinnumarkaði eftir því sem starfgeta þeirra leyfði. Samhliða þessu var fyrirhugað að leggja áfallatryggingagjald, 0,13% launatengt gjald, á launagreiðendur og skyldi ríkissjóður leggja til sömu fjárhæð frá og með árinu 2009.

Í tengslum við kjarasamninga á árinu 2011 segir í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að þýðingarmikið sé að atvinnulífið í heild ásamt stjórnvöldum og lífeyrissjóðum komi að þeirri uppbyggingu. Kom fram í yfirlýsingunni að stjórnvöld muni beita sér fyrir því að lögfest verði skylda allra launagreiðenda til að greiða 0,13% iðgjald til VIRK-starfsendurhæfingarsjóðs auk þess sem sambærilegt gjald kæmi frá lífeyrissjóðum. Á þessum tíma var lagt upp með kostnaðarskiptingu í þrjá jafna hluti.

Til að gera langa sögu stutta varð afrakstur þessara fyrirætlana einkum lögfesting laga um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða nr. 60/2012. Til að greiðslupátttaka lífeyrissjóða gæti gengið eftir var nauðsynlegt að breyta lögum um lífeyrissjóði. Var það gert með 30. gr. laga nr. 60/2012 sem breytti ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Var þar fyrst að nefna nauðsyn þess að tiltaka að lífeyrissjóðum sé gert heimilt að leggja til framlög til starfsendurhæfingarsjóða en lífeyrissjóðum er í grunninn aðeins ætlað það hlutverk að taka við iðgjöldum, ávaxta þau og greiða út lífeyri.

Það liggur í hlutarins eðli að gjöld sem lífeyrissjóðir greiða í annað en til greiðslu lífeyris hafa undir öllum venjulegum kringumstæðum áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðanna. Til að tryggja að gjald sem lífeyrissjóðir leggja til starfsendurhæfingar hafi ekki þegar áhrif á tryggingafræðilega stöðu þeirra var tekið á þeim þætti með lögfestingu svohljóðandi ákvæðis til bráðabirgða við lífeyrissjóðalögin:

„Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 24. gr. laganna skal framlag lífeyrissjóða skv. 6. gr. laga um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða á árunum 2012, 2013, 2014 og 2015 ekki núvirt við tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðanna.“

Um ákvæði þetta segir í greinargerð er fylgdi frumvarpinu (30. gr.):

„Í ákvæðinu er lagt til að lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, verði breytt þannig að kveðið verði á um að framlög lífeyrissjóða til starfsendurhæfingarsjóða samkvæmt frumvarpi þessu teljist framlög í þeim tilgangi sem um ræðir í 2. mgr. 1. gr. og 1. mgr. 20. gr. laganna. Þó er gert ráð fyrir að framlög lífeyrissjóða til starfsendurhæfingar á árunum 2012 til og með 2015 verði ekki núvirt við tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðanna. Er það gert til þess að lágmarka hættuna á að lífeyrissjóðirnir kunni að þurfa að skerða réttindi og það hugsanlega áður en niðurstöður þeirrar heildarúttektar sem mælt er fyrir um í ákvæði til bráðabirgða II við frumvarpið liggja fyrir. Eftir að sú úttekt hefur verið framkvæmd ætti að liggja fyrir hvort með tilkomu atvinnutengdrar starfsendurhæfingar samkvæmt frumvarpi þessu verði dregið úr örorkubyrði lífeyrissjóðanna.“

Ákvæði þetta hefur verið framlengt ár hvert og er nú svohljóðandi:

„Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 24. gr. laganna skal framlag lífeyrissjóða skv. 6. gr. laga um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða á árunum 2012, 2013, 2014, 2015, 2016, 2017, 2018, 2019 og 2020 ekki núvirt við tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðanna.“

Tekið skal fram að allir virðast sýna því fullan skilning að nauðsynlegt er að úrræði séu til taks svo einstaklingar eigi þess kost að bæta starfsgetu sína og lífsgæði. Starfsendurhæfing kallar á fjárhagsleg útgjöld sem kunna að spara þjóðfélaginu frekari útgjöld í framtíðinni ef vel er að verki staðið. **Því var sett inn ákvæði sem ætlað er að tryggja að fram fari hlutlaus úttekt á árangri starfsendurhæfingar að ákveðnum tíma liðnum. Ákvæðinu er m.a. ætlað að tryggja að fjármunum sé vel varið til samræmis við ætlaðan tilgang.**

Ákvæðið er svohljóðandi:

„Stjórnvöld, aðilar vinnumarkaðarins og Landssamtök lífeyrissjóða skulu endurskoða framlög skv. 5.–7. gr. fyrir lok árs 2014.

Ráðherra skal skipa fyrir árslok 2015 óháða nefnd sérfræðinga sem geri heildarúttekt á þjónustu starfsendurhæfingarsjóða samkvæmt lögum þessum. Nefndin skal skipuð þremur til fimm nefndarmönnum og þar af einum tryggingastærðfræðingi. Nefndin skal skila skýrslu til ráðherra eigi síðar en 31. desember 2016.

Nefndinni skal falið að leggja mat á það hvort framlögum skv. 5.–7. gr. hafi verið ráðstafað með sem skilvirkustum hætti í þágu þeirra markmiða sem stefnt er að í lögum þessum og hvort þjónusta starfsendurhæfingarsjóða hafi haft mælanleg áhrif á örorkubyrði lífeyrissjóða og almannatrygginga og nýgengi örorku á starfstíma starfsendurhæfingarsjóða.

Starfsendurhæfingarsjóðir skulu bera kostnað af starfi nefndarinnar í hlutfalli við stærð þeirra og starfstíma.“

Nú nýverið mun hafa verið haldinn fundur í ráðuneytinu með fulltrúum VIRK þar sem ofangreint lagaákvæði mun m.a. hafa verið rætt. Í kjölfar þess fundar var tekið saman minnisblað af hálfu VIRK sem sent var ráðuneytinu í september sl. Í því minnisblaði má sjá að með stofnun VIRK á sínum tíma var vilji til að fara í viðtækar kerfisbreytingar er viðkoma örorkulífeyrismálum á Íslandi. Því miður hefur það verkefni dregist verulega en ljóst er að öflug starfsendurhæfing er mikilvæg þrátt fyrir að hún sé aðeins einn liður í þeirri vegferð.

Í tengslum við þetta víðfeðma verkefni hefur verið unnið að því að móta nýtt framfærslukerfi og sveigjanleg störf og hefur stjórn LL m.a. bent á að við slíka vinnu sé **afar mikilvægt að samhliða vinnu við að hanna nýtt framfærslukerfi almannatrygginga verði hugað að aðkomu lífeyrissjóða**, sbr. m.a. bréfleg erindi þess efnis til ráðuneytisins dags. 8. janúar 2019 og ítrekun dags. 1. apríl 2019. Er hér um að ræða afar brýnt verkefni sem mikilvægt er að unnið verði að með markvissum hætti en í þessu sambandi er vert að minnast þess að enn er allt frá árinu 2011 árlega framlengt ákvæði til bráðabirgða XI. í lögum nr. 129/1997 er viðkemur samverkan á hlutverki almannatrygginga og lífeyrissjóða.

Stjórn LL tók mál þetta til umræðu á stjórnarfundi 22. september sl. og meðal fundargagna var m.a. fyrrgreint minnisblað VIRK sem sent hefur verið ráðuneytinu. Í fundargerð stjórnar LL er eftirfarandi bókað:

„Rætt var um að þegar Virk var sett á stofn hafi verið metnaðarfullar áætlanir um framtíð örorkukerfisins. Mikilvægt sé að endurvekja vinnu við að setja skýra framtíðarsýn á örorkukerfið. Stjórn Virk hefur í hyggju að senda umrætt minnisblað á velferðarráðuneytið.

Fram kom sú ábending að samkvæmt minnisblaði Virk sé umrætt ákvæði laganna túlkað afar þröngt en ákvæðið sé í raun mun víðfeðmara en þar sé rakið. Þar sem Virk er fjármagnað að stórum hluta með greiðslum frá lífeyrissjóðakerfinu ætti sú krafa að vera eðlileg að framkvæmd sé bæði innri og ytri endurskoðun á starfseminni. Úttekt á árangri sem Talnakönnun hefur framkvæmt reglulega kemur ekki í stað óháðrar úttektar, sbr. umrætt lagaákvæði.

Voru stjórnarmenn sammála um að mikilvægt sé að fram fari óháð úttekt á starfseminni.

Rætt var um mikilvægi þess að mótuð verði framtíðarstefna fyrir örorkumálin og að aðilar vinnumarkaðarins og LL þyrftu að koma að slíkri vinnu.

Ákveðið var að fela framkvæmdarstjóra LL að rita bréf til félagsmálaráðuneytisins og benda á umrætt lagaákvæði með beiðni um að því verði fylgt eftir með úttekt á starfsemi Virk. Fram kom að ekki væri um að ræða gagnrýni á starfsemi Virk enda vinni þeir mikilvægt starf.“

Með bréfi þessu er þeirri beiðni stjórnar LL komið á framfæri að LL fái aðkomu að vinnu við mótun framtíðarstefnu endurhæfingar- og örorkumála. Nú er liðinn áratugur frá því að lífeyrissjóðir komu að fjármögnun starfsendurhæfingar sem talinn er mikilvægur liður í þeirri vegferð að koma fólki til aðstoðar við að halda starfgetu. Þykir nú afar brýnt að skýrum lagaákvæðum er kveðna á um skyldu ráðherra til skipunar nefndar sem skal skila úttekt á árangri starfsendurhæfingarsjóða sé fylgt eftir í framkvæmd.

Óska LL eftir afstöðu stjórnvalda til málsins og eru LL tilbúin til að eiga fund og opnar umræður um stöðu endurhæfingar- og örorkumála enda mikilvægt að við leggjumst öll á eitt við að tryggja að unnið sé heildstætt og markvisst að málinu og stuðla þannig að því að sem allra bestur árangur náist.

Virðingarfyllst,


F.h. stjórnar LL

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri

Hjálagt:

Afrit bréfa LL til félagsmálaráðuneytisins, dags. 8. janúar 2019 og 1. apríl 2019.

Afrit sent:

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu



Félagsmálaráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavík, 8. janúar 2019

Efni: Nýtt framfærslukerfi og sveigjanleg störf

Örorkutiðni hefur aukist og kunna ýmsar ástæður að liggja þar að baki. Málefnið varðar allt þjóðfélagið og hafa stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins reynt að rýna vandann með það að markmiði að finna leiðir til að sporna við þessari neikvæðu þróun. Í þessu augnamiði hefur mikill kraftur og fjármunir farið til starfsendurhæfingar og mikilvægt að sú vinna skili tilætluðum árangri en til að svo geti orðið þarf fleira að koma til.

Það er óumdeild staðreynd að framfærsla viðkomandi hefur veruleg áhrif á það hvort árangur náist í þessum efnum en þar hefur pottur verið brotinn.


Skýrar línur liggja ekki fyrir á milli hlutverks almannatrygginga annars vegar og lífeyrissjóða hins vegar þegar kemur að greiðslum á örorkulífeyri. Allt frá 1. janúar árið 2011 hefur bráðabirgðaákvæði XI. í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 verið framlengt þar til fundin yrði framtíðarlausn á samverkan greiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða. Slík framtíðarlausn liggur enn ekki fyrir og er LL ekki kunnugt um að slík vinna sé í gangi. Nú síðast á árinu 2018 við framlengingu á gildistöku umrædds bráðabirgðaákvæðis segir í umsögn LL:

„Nú er lagt til í frumvarpinu að ákvæðið verði framlengt um eitt ár. LL styðja framlengingu ákvæðisins en vilja sem ítrekað fyrir leggja ríka áherslu á mikilvægi þess að fundin verði framtíðarlausn á víxlverkunum á greiðslum almannatrygginga og lífeyrissjóða. Vilja LL skora á ríkisstjórn í samstarfi við aðila vinnumarkaðar að taka þetta málefni föstum tókum en málið varðar framfærslu viðkvæms hóps í samfélaginu. Tekið skal fram að LL vilja gjarnan eiga faglega aðkomu að þeirri vinnu að móta framtíðarsýn á þennan málaflokk þegar að því kemur.“

Í velferðarráðuneytinu (nú félagsmálaráðuneytinu) er nú unnið að því að setja á laggirnar nýtt framfærslukerfi og tengja það við sveigjanleg störf. Á fundi samráðshóps ASÍ og SA um lífeyrismál sem haldinn var 4. desember sl. var m.a. haldin kynning á þessarar vinnu og ljóst að mikill metnaður liggur þar að baki. Það sem LL telja þó verulega á skorta er að hugað sé að aðkomu lífeyrissjóða þegar kemur að framfærslu umræddra aðila.

Stjórn LL telur afar mikilvægt að samhliða vinnu við að hanna nýtt framfærslukerfi almannatrygginga verði hugað að aðkomu lífeyrissjóða við framfærslu endurhæfingar- og örorkulífeyrisþega og er því með bréfi þessu eindregið hvatt til þess að svo verði og óska LL eftir aðkomu að þeirri vinnu.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða


Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri

Samrit sent:

Fjármála- og efnahagsráðuneyti



LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

Félagsmálaráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavík 1. apríl 2019

Efni: Beiðni um kynningu á vinnu við mótun nýs framfærslukerfis og sveigjanleg störf

Vísað er til bréfs, dags. 8. janúar 2019, þar sem Landssamtök lífeyrissjóða (LL) leggja áherslu á mikilvægi þess að samhliða vinnu í ráðuneytinu við hönnun nýs framfærslukerfis almannatrygginga og sveigjanleg störf verði hugað að aðkomu lífeyrissjóða við framfærslu endurhæfingar- og örorkulífeyrisþega.

Línur milli hlutverka almannatrygginga og lífeyrissjóða þegar kemur að greiðslum á örorkulífeyri eru á tíðum óskýrar og hafa LL lagt á það mikla áherslu að fundin verði framtíðarlausn á samverkan greiðslna. Skýrasta dæmið er bráðabirgðaákvæði XI. í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 en það ákvæði hefur verið framlengt allt frá árinu 2011 þar til fundin verður framtíðarlausn á samverkan greiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða.

Á síðasta stjórnarfund LL var málið til umræðu og kom skýrt fram að stjórnarmenn eru ekki upplýstir um stöðu málsins og þá vakna jafnframt spurningar um hvort LL geti ljáð atbeina sinn að málinu svo sem með aðkomu sérfræðinga.

Við leitum því hér með til ráðuneytisins með beiðni um að fá kynningu fyrir stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða á þeirri vinnu sem í gangi er í ráðuneytinu varðandi nýtt framfærslukerfi og sveigjanleg störf og myndi dagsetningin **29. apríl kl. 10** henta einkar vel, ef því verður við komið.

Virðingarfyllt


Þórey S. Þórðardóttir
framkvæmdastjóri

Lífeyrissjóður	Eftirlitsgjald FME 2020				Eftirlitsgjald FME 2021 - frumvarp 2020				Breyting frá fyrra ári	
	Hrein eign 31.12.2018	Fast	Breytilegt	Samtals	Hrein eign 31.12.2019	Fast	Breytilegt	Samtals	Kr.	%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	872.778.645	9.400.000	33.814.745	43.214.745	1.017.521.397	11.280.000	26.271.331	37.551.331	-5.663.415	-13,1%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	712.742.267	9.400.000	27.614.331	37.014.331	867.670.216	11.280.000	22.402.331	33.682.331	-3.332.000	-9,0%
Gildi - lífeyrissjóður	561.217.470	9.400.000	21.743.687	31.143.687	661.070.958	11.280.000	17.068.156	28.348.156	-2.795.531	-9,0%
Birta lífeyrissjóður	372.352.851	9.400.000	14.426.358	23.826.358	432.028.797	11.280.000	11.154.528	22.434.528	-1.391.829	-5,8%
Fjálsi lífeyrissjóðurinn	237.000.836	9.400.000	9.182.309	18.582.309	284.474.132	11.280.000	7.344.822	18.624.822	42.514	0,2%
Almanni lífeyrissjóðurinn	229.482.949	9.400.000	8.891.037	18.291.037	269.133.633	11.280.000	6.948.747	18.228.747	-62.290	-0,3%
Stapi lífeyrissjóður	220.706.668	9.400.000	8.551.011	17.951.011	256.133.220	11.280.000	6.613.090	17.893.090	-57.921	-0,3%
Brú Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga	216.386.355	9.400.000	8.383.626	17.783.626	249.103.345	11.280.000	6.431.586	17.711.586	-72.040	-0,4%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	162.064.900	9.400.000	6.279.007	15.679.007	184.207.817	11.280.000	4.756.052	16.036.052	357.045	2,3%
Festa - lífeyrissjóður	148.927.509	9.400.000	5.770.015	15.170.015	176.578.514	11.280.000	4.559.071	15.839.071	669.056	4,4%
Lífverk lífeyrissjóður	88.906.579	8.100.000	3.444.577	11.544.577	104.566.629	9.720.000	2.699.800	12.419.800	875.223	7,6%
Íslenski lífeyrissjóðurinn	80.401.156	8.100.000	3.115.045	11.215.045	99.150.205	9.720.000	2.559.954	12.279.954	1.064.909	9,5%
Lífeyrissjóður bankamanna	78.102.879	8.100.000	3.026.001	11.126.001	84.110.223	9.720.000	2.171.637	11.891.637	765.636	6,9%
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar	78.814.689	8.100.000	3.053.579	11.153.579	82.873.863	9.720.000	2.139.716	11.859.716	706.137	6,3%
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	53.441.427	8.100.000	2.070.523	10.170.523	61.112.029	9.720.000	1.577.848	11.297.848	1.127.325	11,1%
Eftirlaunasj atvinnuflugmanna	37.374.887	8.100.000	1.448.044	9.548.044	43.536.968	9.720.000	1.124.079	10.844.079	1.296.034	13,6%
Lífeyrissjóður bænda	33.981.749	8.100.000	1.316.581	9.416.581	37.240.874	9.720.000	961.520	10.681.520	1.264.939	13,4%
Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands	23.759.279	4.400.000	920.524	5.320.524	25.105.620	5.280.000	648.201	5.928.201	607.676	11,4%
Lífeyrissjóður Rangæinga	12.390.194	4.400.000	480.043	4.880.043	14.276.543	5.280.000	368.605	5.648.605	768.562	15,7%
Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar	12.012.612	4.400.000	465.414	4.865.414	12.712.789	5.280.000	328.231	5.608.231	742.817	15,3%
Lífeyrissjóður Tannlæknaféli Ísl	5.973.006	2.500.000	231.417	2.731.417	6.898.577	3.000.000	178.114	3.178.114	446.697	16,4%
Samtals:	4.238.818.907	166.400.000	164.227.875	330.627.875	4.969.506.348	199.680.000	128.307.419	327.987.419	-2.640.456	-0,8%